

Allsherjarnefnd Alþingis  
b.t. Sigrún Brynja Einarsdóttir

Alþingi  
Erindi nr. P 131/804  
komudagur 17.2.2005

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á hegningarlögum, nr.19/1940, með síðari breytingum (bann við limlestingu á kynfærum kvenna.

Fræðslusamtök um kynlíf og barneignir (FKB) hefur farið yfir frumvarp það sem hér um ræðir. Á fundi í stjórn FKB var list yfir ánægju með frumvarpið og greinargerð þess. Mikilvægt er að taka af allan vafa í þessum málum í íslenskum lögum, og leggur því félagið til að frumvarpið verði samþykkt. Mikilvægt er að við séum í takt við aðrar þjóðir í löggjöf sem þessari og því nauðsynlegt að setja slík ákvæði í okkar löggjöf. . Jafnframt telur félagið mikilvægt að rætt sé um stúlkur og konur, þar sem umskurður á sér stað oft á tíðum þegar stúlkur eru mjög ungar að árum. Eins og áður sagðui leggur FKB til að frumvarpið verði samþykkt.

Virðingarfyllst  
f.h. FKB

Guðrún Ögmundsdóttir  
formaður